

Skýrsla sjóðanefndar Ljósmeðrafélags Íslands

Sjóðanefnd fundaði tvisvar á síðasta ári vegna styrkúthlutana úr Rannsóknar og þróunarsjóði LMFÍ þann 29.nóvember og 16.desember. Umsóknir í sjóðinn voru að þessu sinni 10 talsins að upphæð 3.870.416 kr. Staða sjóðsins var 3.339.582 kr þar af eftirstöðvar fyrri ára 250.000 kr en óskertur höfuðstóll skal vera 1.000.000 kr samkvæmt stofnskrá Rannsóknar og þróunarsjóðsins. Til úthlutunar var því 2.089.582 kr.

Allar umsóknirnar 10 nema ein voru fullnægjandi en einni umsókn var hafnað þar sem viðkomandi hafði ekki sjóðsaðild þ.e.a.s umsækjenda var ekki kjarafélagi í LMFÍ. Henni var vísað beint til stjórnar félagsins þar sem umsóknin fékk umfjöllun og styrk beint frá félaginu.

Ljóst var að ekki yrði hægt að styrkja öll verkefni til fulls. Megin áherslan var á að styrkja meistaraverkefni og fengu þau öll styrk að upphæð 350.00 kr nema eitt þar sem umsóknin hljóðað uppá 250.000 kr og ferðastyrk að upphæð 70.000 kr en ekki er að jafnaði veittur ferðastyrkur nema.....svo niðurstaðan var að eitt meistaraverkefni fékk 250.000 kr styrk.

Styrkveitingar voru sem hér segir:

Anna Sigríður Vernharðsdóttir fékk 250.000 kr styrk til innleiðingar á breyttu vinnulagi við barnsfæðingar til að fækka 3.og 4. gráða spangarrifum á Landspítala. Gæðaverkefni og rannsókn.

Lilja Þórunn Þorgeirsdóttir sótti um styrk vegna prentkostnaðar fyrir verkefnið „Draumur Guðrúnar“. Að upphæð 16.916 kr. Hennar umsókn var vísað beint til stjórnar LMFÍ þar sem hún er ekki kjarafélagi og þar með ekki með sjóðsaðild.

Sigrún Kristjánsdóttir fékk 350.000 kr styrk vegna meistaraverkefnis. Er öruggt að fæða í heimabyggð? Útkoma úr fæðingum á Heilbrigðisstofnun Suðurlands árið 2010.

Kristín Rut Haraldsdóttir fékk 350.000 kr styrk vegna meistaraverkefnis síns. Meginleg og eigindleg rannsókn þar sem skoðað er tíu ára tímabíl legástungna á Fósturgreiningardeild Landspítala. Markmið með rannsókninni var að þróa leiðbeiningar fyrir ljósmeður sem undirbúa konur sem íhuga legástungu. Einnig að sjá tíðni fósturláta vegna legástungu á Íslandi.

Kristbjörg Magnúsdóttir fékk 75.000 kr styrk til að texta myndina „Birth as we know it“ með íslenskum texta. Til að auðvelda íslenskum verðandi foreldrum aðgengi að fræðsluefni um kosti eðlilegra fæðinga og heimafæðinga.

Guðrún Kormáksdóttir fékk 250.000 kr styrk vegna meistaraverkefnis. Er munur á þjónustu fyrir verðandi foreldra varðandi fósturskimanir eftir búsetu?

Ástþóra Kristinsdóttir fékk 105.000 kr styrk til að útbúa fræðsluefni fyrir fagfólk út frá meistaraverkefni sínu um heimilisofbeldi á meðgöngu sem hún lauk í júní 2010.

Valgerður Lísá Sigurðardóttir fékk 170.000 kr styrk til að vinna úr gögnum í rannsókn sinni: Ljáðu mér eyra: Mat á viðtalsmeðferð á Landspítalanum.

Ólöf Ásta Ólafsdóttir fékk 170.000 kr styrk fyrir rannsókn á heimafæðingum á Norðurlöndum. Skipulagðar heimafæðinga á Íslandi 2010-2014.

Ásrún Ösp Jónsdóttir fékk 350.000 kr styrk fyrir meistaraverkefnið sitt. Upplifun feðra af heimafæðingum á Norðurlöndum.

Sjóðanefnd LMFÍ leggur fram tillögu til aðalfundar um breytingu á úthlutunarreglum Rannsóknar og þróunarsjóðs. Tilgangurinn er að gera reglurnar skýrari svo mismunandi túlkun hvers og eins eigi ekki við.

Einnig vinnur sjóðanefnd að stofnun nýs sjóðar, Minningarsjóðar Jóhönnu Hrafnfjörð. Jóhanna Hrafnfjörð ljósmóðir arfleiddi við andlát sitt, Ljósmæðrafélagi Íslands íbúð sína að Ásvallagötu 25 í Reykjavík. Andvirði sölu hennar vildi Jóhanna að færi í sjóð í hennar nafni sem ætlaður yrði til aðstoðar fátækum ljósmæðrum til náms. Fundaði sjóðanefnd 6.febrúar 2012 með ættingju hennar til að fá betri og skýrari sýn á óskir hennar. Vinna sjóðanefndar er að gera skipulagsskrá fyrir þennan nýja sjóð sem og semja úthlutunarreglur í samræmi við óskir Jóhönnu. Við þá vinnu höfum við fengið hjálp frá ættingjum Jóhönnu.

F.h. Sjóðanefndar LMFÍ

Esther Ósk Ármannsdóttir